

## **Sp. 119. Tillaga til þingsályktunar**

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að áfengir drykkir verði ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana, og að afnema þá venju, er gilt hefur, að einstakir menn fái keypt áfengi hjá áfengisverzlun ríkisins fyrir lægra verð en aðrir viðskiptamenn verzlunarinnar þurfa að borga.

### **Greinargerð.**

Flestir æðstu valdamenn hér á landi, sem halda veizlur á kostnað ríkisins, hafa þar vín á boðstólum handa gestum sínum. Munu þeir telja, að eigi sé sæmilegt að halda slíkar veizlur eða samkvæmi án þess að áfengir drykkir séu þar á boðstólum. Þó má finna dæmi þess, að veizlur hafa verið haldnar án þess að áfengi væri veitt. Má þar nefna hátíðarveizlu ríkisins á Þingvöllum árið 1930, sem þáverandi forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallsson, veitti forstöðu. Það dæmi ætti að nægja til að sanna, að þau samkvæmi, sem haldin eru án vínveitinga, eru virðulegust og með mestum menningarbrag.

Hér er lagt til, að hætt verði með öllu að veita áfengi á kostnað ríkisins og ríkisstofnana, þar sem vínveitingar af hálfu þeirra aðila verða að teljast óviðeigandi. Ef æðstu embættismenn og valdamenn í þjóðfélaginu hætta að veita vín í veizlum og samkvæmum, má vænta þess, að margir aðrir taki sér þá til fyrirmyndar í því efni, og gæti sú ákvörðun þannig haft allviðtæk áhrif í þá átt að draga úr áfengisneyzlunni.

Þá er í öðru lagi lagt til, að sú regla verði afnumin að selja einstökum mönnum vín frá áfengisverzluninni fyrir lægra verð en almennt gildir á hverjum tíma. Ráðherrar hafa notið þeirra friðinda að fá áfengi tollfrjálst og án verzlunarálagningar, og forsetar Alþingis einnig, þó með einhverjum takmörkunum. Ekki verður séð, að ástæða sé til að láta einstaka menn njóta sérréttinda hjá véneinkasölnunni. Þar eiga allir að búa við sömu viðskiptakjör.